

OKKAR RANNSÓKNIR - YKKAR HAGUR

RNSA Rannsóknarnefnd samgönguslysa

Icelandic Transportation Safety Board (ITSB)



Formaður: Geirprúður Alfreðsdóttir

Öryggismenning hvað er það ?



Hugarfar um það hvað eru
eðlilegar öryggisráðstafanir

Breytilegt eftir menningum og
jafnvel umhverfi / atvinnugrein

Í fyrirtækjum þarf öryggismenning
að ná til allra starfsmanna og jafnt
stjórnenda sem annara

Það sem þótti allt í lagi fyrir nokkrum árum finnst okkur algjört kæruleysi í dag



Er þetta góð öryggismenning ?



Í dag nota allir öryggisbelti í bílum



Allir nota hjálma í dag - þar sem það var óhugsandi fyrir nokkrum árum



En hver er staðan í sjávarútveginum í dag

Hvernig er öryggismenningin?

- Mjög mismunandi eftir útgerðum
- Hefur batnað mikið á síðustu árum, en betur má ef duga skal



björgunar/flot gallar – björgunarvesti – hjálmar



Slysavarnarskóli sjómanna

öryggisfræðslunámskeið-það er góð öryggismenning



FJALLAÐ UM NEYÐARVIÐBRÖGÐ, T.D. ELDVARNIR OG SKYNDIHJÁLP O.FL TENG
UM ÖRYGGISMÁLUM

Björgnarbúnaður



Réttur búnaður til staðar
– en það er ekki nóg -

Fylgja þarf til hins ítrasta
reglum um festingar og
prófun

Þjálfar þarf notkun
búnaðarins

Umhverfið getur haft slæm áhrif á öryggismenningu


„Hetjufréttir“ fluttar af smekkkfullum eða drekkhlöðnum bátum og menn nánast hvattir áfram á sömu braut

– þetta er bara hættuspil og þarf að hætta



Af hverju tilkynna sjóatvik?

HLUTFALL SLYSA og ATVIKA



Fyrir hvert alvarlegt slys (major injury) gerast

10 önnur minni slys (minor injury),

30 þar sem verður eignatjón og

600 þar sem er næstum því slys en ekkert sjáanlegt slys eða tjón.

(The Accident Ratio Study: Bird and Germaine 1989)

Til að læra af atvikum þarf að segja frá þeim TILKYNNNA

Einn þáttur af öryggismenningu er að skrá atvik til að læra af þeim, án ásakanna (no blame policy)

Til þess að við getum dregið lærdóm af sjóatvikum/slysum, áttað okkur á hvar hætturarnar leynast-**Kortlagt hætturarnar** og komið í veg fyrir að það sama endurtaki sig eða að það verði slys.

Fjöldi mála og helstu orsakir

SKRÁÐ MÁL HJÁ RNSA 2006 - 2016



2016 :


Slys á fólki: 53 (SÍ: 214)

Sköp dregin til hafnar: 33

Sköp strandar/tekur niðri: 9

Töluverður munur milli RNSA og SÍ á fjölda skráðra slysa

Árið 2016: 53 / 213



SÍ : Sjúkratryggingar Íslands

16. gr. Tilkynningarskylda vegna sjóslysa og sjóatvika.

Verði sjóslys eða sjóatvik samkvæmt lögum þessum ber sérhverjum sem um það veit að tilkynna það rannsóknarnefnd samgönguslysa án ástæðulauss dráttar eða ganga úr skugga um að nefndin hafi fengið vitneskju um slysið.

Sérstaka skyldu í þessu tilliti hafa:

a. stjórnendur og eigendur eða útgerðarmenn skipa;

b. Landhelgisgæsla Íslands, lögregla, rekstraraðilar hafna, tollstjóri og Vaktstöð siglinga;

c. opinberar stofnanir á sviði eftirlits með skipasamgöngum, Sjúkratryggingastofnun og tryggingafélög með starfsstöðvar hér á landi, auk annarra sem hafa fengið vitneskju um slys eða atvik.

Sama gildir um hvern þann sem finnur skip eða aðra hluti við aðstæður er benda til þess að sjóslys eða sjóatvik hafi orðið.

OKKAR RANNSÓKNIR – YKKAR HAGUR



TAKK FYRIR

Skilgreining á sjóatviki og sjóslysi í lögnum

[15.] 1) Sjóatvik: Sá atburður, eða röð atburða, annar en sjóslys, sem gerst hefur í beinum tengslum við útgerð skips, sem stofnar í hættu öryggi skipsins, þeirra sem um borð eru eða annarra eða umhverfisins sé atburðinum ekki afstýrt. Undir sjóatvik falla ekki athafnir sem með beinum ásetningi eða athafnaleyssi er ætlað að skaða öryggi skips, einstaklinga eða umhverfið.

[16.] 1) Sjóslys: Sá atburður eða röð atburða sem í tengslum við útgerð skips leiðir til einhvers af eftirfarandi:

- a. dauðsfalls eða alvarlegra meiðsla á manni;
- b. maður fellur fyrir borð;
- c. skip ferst, ætla má að skip hafi farist eða verið yfirgefið;
- d. skemmdir verða á skipi;
- e. skip strandar eða verður ófært til siglinga eða skip lendir í árekstri;
- f. skemmdir verða í tengslum við útgerð skips á utanáliggjandi búnaði/virki skips sem gæti sett öryggi skipsins í hættu eða annað skip eða einstakling;
- g. mikil umhverfisspjöll verða eða mögulega alvarleg umhverfisspjöll sem gætu hlotist af tjóni skips eða skipa.

Undir sjóslys falla ekki athafnir sem með beinum ásetningi eða athafnaleyssi er ætlað að skaða öryggi skips, einstaklinga eða umhverfið.